



BYGGÐASTOFNUN

Atvinnutekjur 2008-2016

eftir atvinnugreinum og svæðum



Próunarsvið Byggðastofnunar febrúar 2018

Texti og gagnavinnsla: Sigurður Árnason

Gagnavinnsla og gagnaöflun: Einar Örn Hreinsson og Guðmundur Guðmundsson

Atvinnutekjur 2008-2016

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Helstu niðurstöður	8
Framsetning gagna á myndrænu formi.....	12
Landið allt.....	13
Höfuðborgarsvæðið	18
Reykjavík	21
Seltjarnarnes	22
Kópavogur	24
Garðabær	25
Hafnarfjörður	27
Mosfellsbær og Kjósarhreppur	28
Suðurnes	30
Reykjanesbær.....	33
Grindavík	34
Sandgerði, Garður og Sveitarfélagið Vogar.....	36
Vesturland	38
Akranes og Hvalfjarðarsveit	41
Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppur	42
Snæfellsnes	44
Vestfirðir.....	46
Ísafjarðarbær.....	49
Vestfirðir utan Ísafjarðarbæjar	50
Norðurland vestra	52
Húnavatnssýslur	55
Skagafjarðarsýsla.....	56
Norðurland eystra	58
Eyjafjörður án Akureyrar.....	61
Akureyri.....	62
Þingeyjarsýslur	64
Austurland.....	66
Austurland norðurhluti (norðan Fagradals)	69
Austurland suðurhlutir (sunnan Fagradals)	70

Suðurland	72
Skaftafellssýslur	75
Vestmannaeyjar	76
Rangárvallasýsla	78
Árnessýsla án Árborgar, Hveragerðis og Ölfus.....	79
Sveitarfélagið Árborg	81
Hveragerði og Sveitarfélagið Ölfus.....	82
Viðauki I.....	84

Inngangur

Samkvæmt gildandi Byggðaáætlun¹ og samkvæmt lögum um Byggðastofnun² á stofnunin að fylgjast með byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar með úrvinnslu opinberra gagna og eigin gagnasöfnun. Í auknum mæli hefur stofnunin unnið að því að vinna svæðisbundna tölfræði, þ.e. að greina þá tölfræði sem er til niður á landshluta eða smærri einingar eftir því sem hægt er miðað við fyrirbyggjandi gögn. Einn af þeim þáttum sem mikilvægt er að kortleggja betur eru atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum. Það er, að greina hvaða atvinnugreinar standa undir tekjum íbúa eftir landssvæðum. Sömuleiðis að greina breytingar innan svæða á ákveðnu tímabili. Eldri skýrsla, Atvinnutekjur 2008-2015 var gefin út af Byggðastofnun³ í árslok 2016 og má finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Skýrslan byggir á gögnum sem fengin voru frá Hagstofu Íslands sem vann þau úr staðgreiðsluskra Ríkisskattstjóra. Um er að ræða sérvinnslu fyrir Byggðastofnun líkt og við vinnslu síðustu skýrslu. Ekki er um opinberlega útgefnaðar hagtolur að ræða en upplýsingarnar byggja m.a. á gögnum sem eru enn í vinnslu og hafa ekki verið nýtt til opinberrar hagskýrslugerðar af hálfu Hagstofu Íslands. Um er að ræða staðgreiðslutekjur einstaklinga, þ.e. laun og reiknað endurgjald, hér eftir nefndar atvinnutekjur. Þetta eru ekki heildartekjur einstaklinga þar sem upplýsingarnar innihalda ekki greiðslur eins og bætur almannatrygginga, greiðslur úr lífeyrissjóðum og aðra liði sem ekki teljast vera atvinnutekjur. Gögnin innihalda því heldur ekki hagnað af rekstri einyrkja sem eru með rekstur á eigin kennitölu. Tekjur einstaklinga fylgja lögheimili einstaklinga en ekki lögheimili eða staðsetningu launagreiðanda. Segja má því að um sér að ræða atvinnutekjur íbúa ákveðins sveitarfélags eða svæðis.

Gögnin voru borin saman við staðtölur skatta frá Ríkisskattstjóra og reyndist áreiðanleiki samtalna gagnanna niður á svæði vera vel viðunandi. Sömuleiðis reyndist hlutfall atvinnutekna af heildarútsvarsstofni sveitarfélaga vera trúverðugt. Skipting milli atvinnugreina er unnin af Hagstofu Íslands. Líklegt er því að ónákvæmni í tölunum megi að einhverju leyti rekja til rangra eða ófullnægjandi skráningar hjá fyrirækjum og búferlaflutninga einstaklinga innan hvers árs. Miklar og óútskýrðar breytingar eru láttnar standa en gerðar athugasemdir þegar breytingar innan tímabils þykja ótrúverðugar.

Skýrslan er þannig uppbyggð að hún byggir fyrst og fremst á myndum með takmörkuðum texta. Í skýrslunni sem kom út fyrir ári og vísað var í hér að framan var farið nokkuð yfir þær breytingar sem urðu á tímabilinu. Líta má á þessa skýrslu sem nokkurs konar uppfærslu á þeirri skýrslu. Kaflaskipting skýrslunnar er þannig að fyrst verður farið yfir þróunina á landinu öllu og síðan hvern landshluta fyrir sig og hvert atvinnugreinasvæði í hverjum landshluta. Að lokum eru helstu niðurstöður teknar saman.


Við svæðagreiningu atvinnuteknanna voru skilgreind atvinnugreinasvæði. Við skilgreiningu þeirra var í fyrsta lagi horft til þess að þau fylgdu markalínunum landshlutasamtaka sveitarfélaga (sóknaráætlanasvæðum), í öðru lagi að þau fylgdu markalínunum sveitarfélaga og að svæðin væru ekki með færri en um 3.000 íbúa. Ástæða þess að miða við 3.000 íbúa er að talið var líklegt að með því að hafa svæði fámennari myndu upplýsingar um atvinnugreinar tapast vegna þess að ekki er heimilt að sýna gögn ef færri en fimm starfa í atvinnugreininni á svæðinu.

¹ Heimild: <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdaaaetlun1417/thingsalyktunartillagan-med-athugasemdum.pdf>.

² Heimild: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999106.html>.

³ https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/atvinnutekjur_2008-2015.pdf.

Atvinnugreinasvæði



Skiptingin er sem hér segir (sjá einnig mynd að ofan):

Höfuðborgarsvæðið: i) Reykjavíkurborg, ii) Seltjarnarnesbær, iii) Kópavogsbær, iv) Garðabær, v) Hafnarfjarðarkaupstaður og vi) Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Suðurnes: i) Reykjanesbær, ii) Grindavíkurbær og iii) Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.

Vesturland: i) Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit, ii) Borgarbyggð, Skorradalshreppur og Dalabyggð og iii) Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær (Snæfellsnes).

Vestfirðir:⁴ i) Ísafjarðarbær og ii) Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.

Norðurland vestra: i) Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósibær, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd og ii) Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

Norðurland eystra: i) Akureyrarkaupstaður, ii) Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur og iii) Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.

Austurland: i) Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur og ii) Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpvogshreppur.

Suðurland: i) Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur, ii) Vestmannaeyjabær, iii) Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur, iv) Sveitarfélagið Árborg, v) Bláskógabyggð, Flóahreppur,

⁴ Við skiptingu Vestfjarða reyndist ekki vera önnur leið til að ná nægilega stórum svæðum sem innihéldu a.m.k. 3.000 íbúa en þessi tvískipting. Æskilegra hefði verið að telja Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp með Ísafjarðarbær en það hefði þýtt að þau sveitarfélög sem eftir stæðu hefðu aðeins verið með um 2.200 íbúa.

Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og vi)Sveitarfélagið Ölfus og Hveragerðisbær.

Atvinnugreinaskipting atvinnutekna byggir á bálkum ÍSAT2008⁵. Að nokkru leyti hefur verið brugðið frá þeirri skiptingu. Báلكi A var skipt upp í landbúnað, fiskveiðar og fiskeldi og Báلكi C skipt upp í fiskvinnslu og aðra framleiðslu. Þá voru báلكar D og E sem innihalda veitur ýmiskonar sameinaðir í það sem er kallað Veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs. Einnig voru báلكar B og F sameinaðir en þeir innihalda mannvirkjagerð og hvers konar efnistöku úr jörðu. Þá voru fjórir síðustu báلكarnir sameinaðir, S, T og U⁶, í Félagasamtök og önnur starfsemi. Báلكi G verslun og viðgerðir ökutækja var hins vegar skipt upp í verslun og ökutæki⁷.

Skiptingin í þessari skýrslu er því eftirfarandi:

- Fiskveiðar
- Fiskeldi
- Landbúnaður
- Mannvirkjagerð
- Fiskvinnsla
- Iðnaður
- Veitur
- Ökutæki
- Verslun
- Flutningar og geymsla
- Gisting og veitingar
- Upplýsingar og fjarskipti
- Fjármála- og váttryggingastarfsemi
- Fasteignaviðskipti
- Sérfræðileg starfsemi
- Leiga og sérhæfð þjónusta
- Opinber stjórnsýsla
- Fræðslustarfsemi
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta
- Menning, íþróttir og tómstundir
- Annað

⁵ Sjá nánar um ÍSAT2008 í viðauka 1.

⁶ Flokkur S inniheldur Félagasamtök og aðra þjónustustarfsemi, T Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðslu til eigin nota og S Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt. Síðustu tveir flokkarnir eru ákaflega veigalitlir.

⁷ Gerðar voru breytingar á atvinnugreinaskiptingu frá skýrslunni Atvinnutekjur 2008-2015. Þær eru að báلكur B námugróftur og jarðefnavinnsla og báلكur F byggingastarfsemi og mannvirkja gerð eru sameinuð undir mannvirkjagerð og að Báلكi G er skipt í tvennt, í verslun annars vegar og ökutæki hins vegar.

Helstu niðurstöður

Landið allt

Heildaratvinnutekjur á landinu voru hærrí að raunvirði á árinu 2016 en árið 2008 en höfðu verið lægri að raunvirði öll árin fram að því. Atvinnutekjur á landinu öllu jukust um 9,7% að raunvirði á milli áráanna 2008 og 2016. Aukningin á milli áráanna 2015 og 2016 var hins vegar tæp 11%. Mælt í atvinnutekjum voru heilbrigðis- og félagsþjónusta, iðnaður og fræðslustarfsemi stærstu atvinnugreinarnar en þar á eftir komu verslun, opinber stjórnsýsla og flutningar og geymsla.

Mest aukning á tímabilinu 2008-2016 varð í greinum sem tengjast ferðaþjónustu, þ.e. gistingu og veitingum, flutningum og geymslu og leigu og sérhæfðri þjónustu. Langmesti samdráttur varð hins vegar í fjármála- og váttryggingaþjónustu og mannvirkjagerð. Á milli áráanna 2015 og 2016 varð veruleg aukning í áðurnefndum greinum sem tengjast ferðaþjónustu, en einnig í mannvirkjagerð, verslun, iðnaði og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Samdráttur varð hins vegar í atvinnutekjum í fiskveiðum.

Meðalatvinnutekjur⁸ voru hæstar á Austurlandi ef litið er til einstakra landshluta árið 2016, en þar næst á höfuðborgarsvæðinu. Lægstar voru meðaltekjurnar á Suðurnesjum og Norðurlandi vestra.

Höfuðborgarsvæðið

Heildaratvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu hækkuðu um 9,1% á milli áráanna 2008 og 2016. Hækkunin á milli áráanna 2015 og 2016 var um 11%. Það þýðir að heildaratvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu náðu ekki tekjum ársins 2008 fyrr en árið 2016. Mestar atvinnutekjur voru greiddar í heilbrigðis- og félagsþjónustu, en þar á eftir komu verslun, fræðslustarfsemi og iðnaður.

Mest aukning á milli áráanna 2008 og 2016 var í gistingu- og veitingum, flutningum og geymslu og leigu og sérhæfðri þjónustu sem eru allt greinar sem tengjast ferðaþjónustu. Samdráttur varð hins vegar langmestur í fjármála- og váttryggingaþjónustu og mannvirkjagerð. Aukning á milli áráanna 2015 og 2016 var hins vegar mest í flutningum og geymslu, verslun, mannvirkjagerð, leigu- og sérhæfðri þjónustu og í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Samdráttur varð hins vegar í fiskveiðum.

Meðalatvinnutekjur voru hæstar á Seltjarnarnesi og í Garðabæ á árinu 2016 um fjórðungi yfir landsmeðaltali. Meðalatvinnutekjur í Kópavogi voru nokkuð yfir landsmeðaltali það ár en rétt yfir því í Mosfellsbæ og Kjósarhreppi og í Hafnarfirði. Meðalatvinnutekjur í Reykjavík voru hins vegar rétt undir landsmeðaltali.

Mismunandi var á árinu 2016 hver var stærsta atvinnugreinin á einstökum svæðum innan höfuðborgarsvæðisins. Hæstar atvinnutekjur í Reykjavík voru í heilbrigðis- og félagsþjónustu, í fjármál- og váttryggingaþjónustu á Seltjarnarnesi, í verslun í Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæ og Kjósarhreppi og í iðnaði í Hafnarfirði.

Suðurnes

Heildaratvinnutekjur á Suðurnesjum hækkuðu um rúmlega 22% á milli áráanna 2008 og 2016 en hækkunin á milli áráanna 2015 og 2016 nam 18,5%. Mest af hækkun á atvinnutekjum á tímabilinu varð því á árinu 2016. Á árinu 2016 voru langmestu atvinnutekjurnar greiddar í flutningum og geymslu en þar nokkuð langt á eftir komu fiskvinnsla, fræðslustarfsemi, mannvirkjagerð, verslun, iðnaður og opinber stjórnsýsla.

⁸ Meðalatvinnutekjur eru reiknaðar þannig að teknar eru heildaratvinnutekjur og þeim deilt niður eftir fjölda íbúa á aldrinum 18-67 ára.

Sömuleiðis var langmesta aukningin í flutningum og geymslum á milli áráanna 2008 og 2016. Nokkur aukning varð einnig í leigu og sérhæfðri þjónustu og gistingu og veitingum. Allar þessar greinar tengjast ferðaþjónustu og hafa sterka tengingu við Keflavíkurlugvöll. Verulegur samdráttur varð í mannvirkjagerð og nokkur í fjármálastarfsemi og váttryggingum.

Meðaltekjur á Suðurnesjum voru árið 2016 um 90% af landsmeðaltali. Meðaltekjur voru hæstar í Grindavík, rétt um landsmeðaltal árið 2016 og höfðu hækkað verulega frá árinu 2008. Þær voru hins vegar aðeins um 90% í Reykjanesbæ og tæplega 85% í Sandgerði, Garði og Vogum.

Stærstu atvinnugreinarnar mælt í atvinnutekjum í Grindavík árið 2016 voru fiskvinnsla og fiskveiðar. Í Reykjanesbæ voru það flutningar og geymsla en í Sandgerði, Garði og Vogum voru það flutningar og geymsla og fiskvinnsla.

Vesturland

Heildaratvinnutekjur á Vesturlandi hækkuðu um 6,5% á milli áráanna 2008 og 2016. Þær hækkuðu um tæplega 9% á milli áráanna 2015 og 2016 sem þýðir að líkt og á höfuðborgarsvæðinu var svæðið enn að endurheimta atvinnutekjur sem töpuðust í framhaldi af hruninu 2008 allt til ársins 2016. Á árinu 2016 voru mestu atvinnutekjurnar greiddar í iðnaði en nokkuð á eftir komu fræðslustarfsemi, fiskveiðar, heilbrigðis- og félagsþjónusta og fiskvinnsla.

Mesta aukningin á svæðinu varð í fiskvinnslu, gistingu- og veitingum og í fræðslustarfsemi. Verulegur samdráttur varð í mannvirkjagerð en einnig í fjármála- og váttryggingaþjónustu og í fiskveiðum.

Meðalatvinnutekjur á Vesturlandi voru rétt undir landsmeðaltali. Á suðursvæðinu með Akranes og Hvalfjarðarsveit og á Snæfellsnesi voru meðalatvinnutekjur aðeins yfir landsmeðaltali en langt undir landsmeðaltali í Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppi, þar sem þær voru aðeins ríflega 80% af meðaltalinu.

Langstærsta atvinnugreinin á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit árið 2016 mælt í atvinnutekjum var iðnaður. Á Snæfellsnesi voru það fiskveiðar og fiskvinnsla. Í Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppi voru iðnaður og fræðslustarfsemi stærstu greinarnar.

Vestfirðir

Heildaratvinnutekjur á Vestfjörðum hækkuðu um tæp 5% á tímabilinu 2008 til 2016. Eftir lækkun í framhaldi af hruninu 2008 hækkuðu atvinnutekjur um 7% bæði árin 2015 og 2016. Mestu atvinnutekjurnar voru greiddar í fiskveiðum en nokkuð þar eftir koma fiskvinnsla, opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónusta.

Mesta aukningin í atvinnutekjum á Vestfjörðum varð í fiskeldi en nokkuð langt þar á eftir komu fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta og gistingu- og veitingar. Verulegur samdráttur varð hins vegar í mannvirkjagerð og opinberri stjórnsýslu⁹ auk fjármála- og váttryggingastarfsemi.

Meðalatvinnutekjur á Vestfjörðum voru rétt undir landsmeðaltali. Segja má að meðalatvinnutekjur í Ísafjarðarbæ séu á pari við landsmeðaltal en aðrir hlutar Vestfjarða rétt undir því¹⁰.

Í Ísafjarðarbæ var fiskvinnsla stærsta atvinnugreinin mælt í atvinnutekjum árið 2016 en nokkuð þar á eftir komu heilbrigðis- og félagsþjónusta, fiskveiðar, fræðslustarfsemi og opinber þjónusta. Á Vestfjörðum utan

⁹ Eins og fram kom í skýrslu um atvinnutekjur fyrir árin 2008-2015 varð mikil óskýrð lækkun í opinberri þjónustu snemma á umræddu tímabili.

¹⁰ Að skipta Vestfjörðum í tvennt, með og án Ísafjarðarbæjar, er ekki æskileg skipting en miðað við gefnar forsendur um lágmarksíbúafjölda á hverju svæði innan landshluta, var ekki mögulegt að gera þetta á annan hátt.

Ísafjarðarbæjar voru fiskveiðar langstærsta atvinnugreinin um tvöfalt stærri en næsta grein sem var opinber stjórnsýsla. Þar á eftir komu síðan fræðslustarfsemi, fiskvinnsla og fiskeldi.

Norðurland vestra

Heildaratvinnutekjur jukust aðeins um ríflega 4% á tímabilinu 2008 til 2016 á Norðurlandi vestra. Það gerist þrátt fyrir að árin 2015 og 2016 hafi atvinnutekjur aukist um 6-7% hvort ár. Mestu atvinnutekjurnar voru greiddar í opinberri stjórnsýslu og fræðslustarfsemi. Þar á eftir komu verslun, fiskveiðar, heilbrigðis- og félagsþjónusta og iðnaður.

Mesta aukningin á tímabilinu í atvinnutekjum á Norðurlandi vestra varð í landbúnaði¹¹, gistingu og veitingum, verslun og í fræðslustarfsemi. Verulegur samdráttur varð hins vegar í mannvirkjagerð og nokkur samdráttur í heilbrigðis- og félagsþjónustu og í fiskveiðum.

Meðalatvinnutekjur á Norðurlandi vestra árið 2016 voru aðeins 90% af landsmeðaltali. Mikill munur er á Skagafjarðarsýslu þar sem að meðalatvinnutekjur voru 95% af landsmeðaltali og Húnavatnssýslum þar sem þær náðu aðeins 83%.

Í Húnavatnssýslum var opinber stjórnsýsla stærsta atvinnugreinin árið 2016 mælt í atvinnutekjum en í Skagafjarðarsýslu var það fræðslustarfsemi, verslun og opinber stjórnsýsla.

Norðurland eystra

Á Norðurlandi eystra jukust heildaratvinnutekjur um tæp 12% á milli árunna 2008 og 2016. Eins og víða annars staðar varð veruleg aukning á árunum 2015 og 2016 en hún var 7-8% hvort ár. Mestu atvinnutekjurnar í landshlutanum voru greiddar í heilbrigðis- og félagsþjónustu, fræðslustarfsemi, iðnaði og fiskveiðum.

Mesta aukningin á tímabilinu í atvinnutekjum á Norðurlandi eystra var í gistingu og veitingum, iðnaði og í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Samdráttur varð í mannvirkjagerð, fiskveiðum og fjármála- og váttryggingaþjónustu.

Meðalatvinnutekjur á Norðurlandi eystra voru um 95% af landmeðaltali. Þegar tölurnar eru brotnar niður á svæði sést að svæðið Eyjafjörður án Akureyrar og Akureyri eru sitthvorum megin við 95% en Þingeyjarsýslur verulega undir landsmeðaltali með ríflega 91%.

Stærsta atvinnugreinin á svæðinu Eyjafirði án Akureyrar mælt í atvinnutekjum árið 2016 voru fiskveiðar. Á Akureyri var heilbrigðis- og félagsþjónusta stærst en þar á eftir komu fræðslustarfsemi og iðnaðar. Í Þingeyjarsýslunum voru fræðslustarfsemi, mannvirkjagerð, fiskveiðar og opinber stjórnsýsla stærstu greinarnar.

Austurland

Á Austurlandi drógust heildaratvinnutekjur saman um 6,4% á tímabilinu 2008 til 2016 sem er afleiðing af því að á fyrri hluta tímabilsins lauk stórförum við virkjun og uppbyggingu álvers á svæðinu. Atvinnutekjur á árunum 2015 og 2016 jukust um 7% fyrra árið en aðeins 3% það seinna. Langmestu atvinnutekjurnar á Austurlandi komu úr iðnaði en nokkuð langt þar á eftir komu fiskvinnsla, fiskveiðar og fræðslustarfsemi.

Mesta aukningin á tímabilinu í atvinnutekjum á Austurlandi var í fiskvinnslu, gistingu og veitingum og í fræðslustarfsemi. Langmesti samdrátturinn varð hins vegar í mannvirkjagerð vegna loka stórförum, í iðnaði og fjármála- og váttryggingastarfsemi.

¹¹ Varðandi hækkan á atvinnutekjum í landbúnaði verður að líta til þess að reiknað endurgjald bænda hækkaði verulega á tímabilinu.

Meðalatvinnutekjur á Austurlandi voru 8% yfir landsmeðaltali árið 2016. Á norðurhluta svæðisins (norðan Fagradals) voru meðalatvinnutekjur aðeins undir landsmeðaltali en á suðurhlutanum (sunnan Fagradals) voru meðalatvinnutekjur 17% yfir landsmeðaltali.

Stærsta atvinnugreinin í norðurhlutanum mælt í atvinnutekjum árið 2016 var iðnaður. Það sama var upp á teningnum í suðurhlutanum en þar á eftir komu fiskvinnsla og fiskveiðar.

Suðurland

Á Suðurlandi jukust heildaratvinnutekjur um 16% á tímabilinu 2008 og 2016. Á árunum 2015 og 2016 jukust þær um 10% hvort ár. Mestu atvinnutekjurnar komu úr fræðslustarfsemi, iðnaði og félags- og heilbrigðisþjónustu.

Langmesta aukningin á tímabilinu í atvinnutekjum á Suðurlandi var í gistingu og veitingum, þá í fiskvinnslu, fræðslustarfsemi og í leigu og sérhæfðri þjónustu. Mestur samdráttur varð hins vegar í mannvirkjagerð og fiskveiðum.

Meðalatvinnutekjur á Suðurlandi voru um 91% af landsmeðaltali árið 2016 en mjög breytilegar innan landshlutans. Þannig voru meðalatvinnutekjur í Vestmannaeyjum 8% yfir landsmeðaltali og aðeins yfir landsmeðaltali í Skaftafellssýslum. Í Árborg voru þær hins vegar aðeins um 89% af landsmeðaltali, 87% í Hveragerði og Ölfus, 83% í Rangárvallasýslu og aðeins 78% af landsmeðaltali í Árnessýslu utan Árborgar, Hveragerðis og Ölfus.

Stærstu atvinnugreinarnar mældar í atvinnutekjum árið 2016 voru einnig mismunandi. Í Skaftafellssýslum var stærsta greinin gisting og veitingar sem var á pari við fiskvinnslu og fiskveiðar samtals. Í Vestmannaeyjum voru fiskveiðar og fiskvinnsla langstærstu greinarnar. Í Rangárvallasýslu var það iðnaður. Í Árnessýslu utan Árborgar, Hveragerðis og Ölfus var það landbúnaður. Í Árborg voru stærstu greinarnar fræðslustarfsemi, iðnaður og heilbrigðis- og félagsþjónusta. Í Hveragerði og Ölfusi var það síðan heilbrigðis- og félagsþjónusta.

Framsetning gagna á myndrænu formi

Lýsing á tölfraðilegum upplýsingum getur oft verið staglkennd og þurr lesning. Því getur verið betra að skoða upplýsingar á myndrænan hátt. Hér á eftir verða gögn um atvinnutekjur eftir svæðum og atvinnugreinum sett fram á myndrænan hátt þannig að lesandinn geti skoða landið í heild, einstaka landshluta eða einstök atvinnugreinasvæði. Uppsetningin er þannig að fyrst er farið yfir landið allt, þá hvern og einn landshluta og undir landshlutaköflunum atvinnugreinasvæði.

Fyllstu upplýsingarnar eru undir kaflanum um landið allt en þar eru birtar eftirfarandi myndir:

- Breyting á fjölda íbúa og heildaratvinnutekjur á milli áráanna 2008 og 2016 eftir landshlutum,
- Meðalatvinnutekjur árin 2008 og 2016 eftir landshlutum,
- Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna,
- Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna,
- Breyting á hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum á tímabilinu 2008 og 2016,
- Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna,
- Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2012 í milljónum króna,
- Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2008 í milljónum króna,
- Hlutfall atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum eftir greinum árið 2016.

Undir hverjum og einum landshlutakafli eru birtar eftirfarandi myndir:


- Meðalatvinnutekjur 2008 og 2016 eftir svæðum innan landshluta
- Breyting á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna,
- Breyting á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna,
- Breyting á hlutdeild í atvinnutekjum á tímabilinu 2008 og 2016,
- Atvinnutekjum raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna,
- Hlutfall atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum eftir greinum árið 2016.

Undir hverju og einu atvinnugreinasvæði eru birtar eftirfarandi myndir:


- Atvinnutekjum raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna,
- Breyting á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna,
- Breyting á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna.

Landið allt


Breyting á fjölda íbúa og heildaratvinnutekjum á milli áronna 2008 og 2016 eftir landshlutum




Meðalatvinnutekjur árin 2008 og 2016 eftir landshlutum (landsmeðal=100 fyrir bæði árin)




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Breyting á hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum á tímabilinu 2008-2016




Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna




Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2012 í milljónum króna



Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2008 í milljónum króna




Hlutfall atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum eftir greinum árið 2016




Höfuðborgarsvæðið


Meðalatvinnutekjur 2008 og 2016 eftir svæðum innan landshlutans




Breytingar á atvinnutekjum á milli áronna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Breyting á hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum á tímabilinu 2008-2016



Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna




Hlutfall atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum eftir greinum árið 2016




Reykjavík


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árána 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2015 og 2016 í milljónum króna




Seltjarnarnes


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Kópavogur


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2015 og 2016 í milljónum króna




Garðabær


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Hafnarfjörður


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli árána 2015 og 2016 í milljónum króna




Mosfellsbær og Kjósarhreppur


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Suðurnes


Meðalatvinnutekjur 2008 og 2016 eftir svæðum innan landshlutans




Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Breyting á hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum á tímabilinu 2008-2016



Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna




Hlutfall atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum eftir greinum árið 2016




Reykjanesbær


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli árána 2015 og 2016 í milljónum króna




Grindavík


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Sandgerði, Garður og Sveitarfélagið Vogar


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árana 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Vesturland


Meðalatvinnutekjur 2008 og 2016 eftir svæðum innan landshlutans




Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Breyting á hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum á tímabilinu 2008-2016



Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna




Hlutfall atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum eftir greinum árið 2016




Akranes og Hvalfjarðarsveit


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Borgarbyggð, Dalabyggð og Skorradalshreppur


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2015 og 2016 í milljónum króna




Snæfellsnes


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árana 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Vestfirðir


Meðalatvinnutekjur 2008 og 2016 eftir svæðum innan landshlutans




Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2015 og 2016 í milljónum króna




Breyting á hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum á tímabilinu 2008-2016



Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna




Hlutfall atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum eftir greinum árið 2016




Ísafjarðarbær


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Vestfirðir utan Ísafjarðarbæjar


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árana 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli árana 2015 og 2016 í milljónum króna




Norðurland vestra


Meðalatvinnutekjur 2008 og 2016 eftir svæðum innan landshlutans




Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Breyting á hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum á tímabilinu 2008-2016



Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnu greina 2016 í milljónum króna




Hlutfall atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum eftir greinum árið 2016




Húnavatnssýslur


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árana 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Skagafjarðarsýsla


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnu greina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Norðurland eystra


Meðalatvinnutekjur 2008 og 2016 eftir svæðum innan landshlutans




Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2015 og 2016 í milljónum króna




Breyting á hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum á tímabilinu 2008-2016



Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna




Hlutfall atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum eftir greinum árið 2016




Eyjafjörður án Akureyrar


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Akureyri


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Pingeyjarsýslur


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Austurland


Meðalatvinnutekjur 2008 og 2016 eftir svæðum innan landshlutans




Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2015 og 2016 í milljónum króna




Breyting á hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum á tímabilinu 2008-2016



Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna




Hlutfall atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum eftir greinum árið 2016




Austurland norðurhluti (norðan Fagradals)


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árana 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli árána 2015 og 2016 í milljónum króna




Austurland suðurhlutir (sunnan Fagradals)


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Suðurland


Meðalatvinnutekjur 2008 og 2016 eftir svæðum innan landshlutans




Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2015 og 2016 í milljónum króna




Breyting á hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum á tímabilinu 2008-2016



Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna




Hlutfall atvinnutekna kvenna af heildaratvinnutekjum eftir greinum árið 2016




Skaftafellssýslur


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árana 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli ára 2015 og 2016 í milljónum króna




Vestmannaeyjar


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna




Rangárvallasýsla


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árana 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli árána 2015 og 2016 í milljónum króna




Árnessýsla án Árborgar, Hveragerðis og Ölfus


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árana 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli árana 2015 og 2016 í milljónum króna




Sveitarfélagið Árborg


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli árunna 2008 og 2016 í milljónum króna




Breytingar á atvinnutekjum á milli árána 2015 og 2016 í milljónum króna




Hveragerði og Sveitarfélagið Ölfus


Atvinnutekjur raðað eftir stærð atvinnugreina 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2008 og 2016 í milljónum króna



Breytingar á atvinnutekjum á milli áráanna 2015 og 2016 í milljónum króna



Viðauki I

ÍSAT 2008 flokkunarkerfið – bálkar og kaflaheiti¹²

A – Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar

- Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi
- Skógrækt og skógahögg
- Fiskveiðar og fiskeldi

B – Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu

- Kolanám
- Vinnsla á hráolíu og jarðgasi
- Málmnam og málmvinnsla
- Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu
- Þjónustustarfsemi við námuvinnslu

C – Framleiðsla

- Matvælaframleiðsla
- Framleiðsla á drykkjarvörum
- Framleiðsla á tóbaksvörum
- Framleiðsla á textílvörum
- Fatagerð
- Framleiðsla á leðri og leðurvörum
- Framleiðsla á við, viðarvörum og korki, önnur en húsgagnagerð: framleiðsla á vörum úr hálm og fléttuefnum
- Framleiðsla á pappír og pappírsvöru
- Prentun og fjölfjöldun upptekins efnis
- Framleiðsla á koxi og hreinsuðum olíuvörum
- Framleiðsla á efnum og efnavörum
- Framleiðsla á lyfjum og efnum til lyfjagerðar
- Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum
- Framleiðsla á vörum úr málmlausum steinefnum
- Framleiðsla málma
- Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði
- Framleiðsla á tölvu, rafeinda- og optískum vörum
- Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum
- Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum
- Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum
- Framleiðsla annarra farartækja
- Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum
- Framleiðsla, ótalin annars staðar
- Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja

D – Rafmagns-, gas- og hitaveitur

- Rafmagns-, gas- og hitaveitur

E – Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun

- Vatnsveita, öflun og meðferð vatns

12 Heimild: <https://hagstofa.is/media/49171/isat2008.pdf>.

- Fráveita
- Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps; endurnýting efnis
- Afmengun og önnur þjónusta við meðhöndlun úrgangs

F – Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð

- Bygging húsnæðis, þróun byggingarverkefna
- Mannvirkjagerð
- Sérhæfð byggingastarfsemi

G – Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum

- Sala, viðgerðir og viðhald á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum
- Heildverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum
- Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum

H – Flutningar og geymsla

- Flutningur á landi og eftir leiðslum
- Flutningur á sjó og vatnaleiðum
- Flutningur með flugi
- Vörugeymsla og stoðstarfsemi fyrir flutninga
- Póst- og boðberaþjónusta

I – Rekstur gististaða og veitingarekstur

- Rekstur gististaða
- Veitingasala og – þjónusta

J – Upplýsingar og fjarskipti

- Útgáfustarfsemi
- Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptaka og tónlistarútgáfa
- Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð
- Fjarskipti
- Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni
- Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu

K – Fjármála- og váttryggingastarfsemi

- Fjármálaþjónusta, þó ekki starfsemi váttryggingafélaga og lífeyrissjóða
- Váttryggingafélög, endurtryggingafélög og lífeyrissjóðir, þó ekki lögboðnar almannatryggingar
- Starfsemi tengd fjármálaþjónustu og váttryggingum

L – Fasteignaviðskipti

- Fasteignaviðskipti (kaup, sala, leiga og miðlun)

M – Sérfræðileg, vísindalega og tæknileg starfsemi

- Lögfræðiþjónusta og reikningshald
- Starfsemi höfuðstöðva, starfsemi við rekstrarráðgjöf
- Starfsemi, arkitekta og verkfræðinga; tæknilegar prófanir og greining
- Vísindarannsóknir og þróunarstarf
- Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknir
- Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
- Dýralækningar

N – Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta

- Leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga (m.a. bílaleigur)
- Atvinnumiðlun
- Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta
- Öryggis- og rannsóknarstarfsemi
- Fasteignaumsýsla, hreingerningaráþjónusta og skruðgarðyrkja

- Skrifstofuþjónusta og önnur þjónusta við atvinnurekstur

O – Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar

- Opinber stjórnsýsla, varnarmál og almannatryggingar (þ.m.t. dómstólar, fangelsi, löggæsla og brunavarnir)

P – Fræðslustarfsemi

- Fræðslustarfsemi

Q – Heilbrigðis- og félagsþjónusta

- Heilbrigðisþjónusta
- Umönnun á dvalarheimilum
- Félagþjónusta án dvalar á stofnun

R – Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi

- Skapandi listir og afþreying
- Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi
- Fjárhættu- og veðmálastarfsemi
- Íþrótt- og tómstundastarfsemi

S – Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi

- Starfsemi félagasamtak
- Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota
- Önnur þjónustustarfsemi (m.a. þvottahús og efnalaugar, hárgreiðslu- og snyrtistofur, útfararþjónustur, nudd- og sólbaðsstofur)

T – Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eign nota

- Heimilishald með launuðu starfsfólki
- Þjónustustarfsemi og framleiðsla á heimilum á ýmis konar vöru til eign nota

U – Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt

- Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt (m.a. alþjóðlegar stofnanir og sendiráð)